Allir eru velkomnir án boðskorta kl. 16 á laugardaginn á opnun sýningar Hallgríms Helgasonar á Kjarvalsstöðum, þar sem eiginkona hans Áshildur Haraldsdóttir flautuleikari og frænka hennar Bryndís Halla Gylfadóttir sellóleikari sjá á meðan um hljóðfæraleik.

Hallgrímur sýnir 100 olíumálverk og 400 teikningar og hafa engar myndanna sést hér áður, eru flestar gerðar í New York, en líka í París og á Íslandi, síðustu fimm árin. Þetta er því yfirlitssýning, en alls hefur Hallgrímur haldið 10 einkasýningar hérlendis, eina í Boston og aðra í New York, auk samsýninga. Hallgrímur stundaði nám við MH og MHÍ, en framhaldsnám í Munchen.

Hallgrímur ritaði reglulega myndskreyttar greinar í Þjóðviljann á sínum tíma og hefur síðan 1983 starfað sem rithöfundur og myndlistarmaður. Á síðasta ári gaf hann út skáldsögu sína „Hellu", og undanfarin tvö ár hefur hann lagt til þætti undir heitinu „Útvarp Manhattan" á Rás 2. Nemendaleikhúsið frumsýnir í næstu viku þýðingu hans á leikritinu „Leiksoppum" eftir Craig Lucas.



Hallgrímur Helgason, fjöllistamaður með Mann-hatt: Módernisminn fer sömu leið og kommúnisminn. Mynd: Kristinn.

Út úr skápnum, listamenn!

Hann málar aðeins myndir af fólki og fyrir fólk: Listmálarinn, rithöfundurinn og Manhattan- útvarpsmaðurinn Hallgrímur Helgason opnar á laugardaginn á Kjarvalsstöðum viðamestu sýningu sína til þessa, 500 málverk og teikningar

– 500 nýjar myndir á Íslandi í einu og þú skartar um leið nýjum hatti, Hallgrímur?

– Þetta er Mann-hattur, það hafði aldrei hvarflað að mér að ganga með hatt fyrr en hann var skyndilega settur á mig rétt fyrir jólin í París. Ég fann þessa kollhlýju og get síðan ekki án hans verið, skil ekki hvernig fólk getur verið án höfuðfats, allra síst í þessum kulda. En ég á enn eftir að læra á hattinn, taka ofan og hvar má bera hann. Gengur það að hafa hatt innanhúss?

– Ekki í kirkjum, en þetta er til ef menn fara að gerast þunnhærðir.

– Ég er náttúrlega orðinn það, dálítið. En í sambandi við hattinn vil ég rifja upp vísu sem kviknaði fullmótuð á vörum mér, sú fyrsta sem það gerði, eina sumarstund eftir morgunverð í útilegu í miklu tungllandslagi á Hraunflöt í Berserkjahrauni. Forsaga stökunnar sú, að fólk er stundum að bera upp á mig að ég fari frjálslega með staðreyndir, villi á mér heimildir og ljúgi því í útvarpinu hvar ég er staddur. Af þessum sökum hef ég fengið nafnið Lygarinn í vinahópi. En vísan er svona:

Lygarinn hér lauk við skatt,
laug sér fullan matarhatt,
þykir miður segja satt,
saddur kveður'ann fljótt og hratt.

– Þetta minnir á þulustílinn þinn í „Útvarpi Manhattan".

– Rímið er sterkur strengur í mér, ég er mjög mikið fyrir form í listum, öll málverkin mín eru form. Ég hef því meira gaman af hefðbundnum kveðskap en formleysu, finnst hún heldur ekki hæfa íslensku máli eins vel, í henni er ekki hægt að nýta allan styrkleika tungumálsins.

Ég er almennt mikið fyrir hefð og sömuleiðis alveg nýja hluti, allt þar á milli er frekar leiðinlegt. Ég vil bara það hæsta og lægsta, botninn og toppinn, og sæki því áhrif í lágmenningu og hámenningu. Hlusta til dæmis á poppgaul meðan ég mála, það gefur kraft og vinnustuð, en klassík á sunnudögum. Ef ég hlustaði á klassík hversdags yrði ég sunnudagsmálari. Í skáldsögunni „Hellu" var ég að reyna að ná nýjum veruleika inn í bók, en halda mig í hefðinni um leið. Bestu hlutirnir eru yfirleitt gömul tíðindi sögð að nýju, á nýjan hátt.

Mála á veturna, skrifa á sumrin

– Þetta er feikna stór sýning hjá þér, 100 olíur og 400 teikningar. Sverrir heitinn Haraldsson sagði að það væri ruddaskapur að mála meira en um 40 myndir yfir ævina, – að þykjast vera meiri en Vermeer.

– Jaá, Vermeer... En mér leiðist á sýningum sem hægt er að skoða í einum bolsnúningi, á nokkrum sekúndum. Ég hef áður verið gagnrýndur fyrir að hengja of mikið upp í einu, en fæ kannski leyfi núna af því að þetta er yfirlitssýning. Sumir kvarta yfir því að ég máli of mikið, og það er að vísu staðreynd að magn er ekki sama og gæði, nema saman fari gífurlegt magn og gífurleg gæði. En það er ekki tilviljun að margir bestu listamenn heims hafa um leið verið þeir afkastamestu, frá Shakespeare, Mozart og Bach yfir í Chaplin, Picasso og Laxness.

Ég teikna yfirleitt um 50 myndir á dag með tússpenna, byrja morguninn á því, síðan get ég farið að mála. Þetta er ekki regla sem ég hef sett mér, heldur ávani. Ég er alltaf að reyna að hætta þessu, eins og reykingamennirnir, enda heitir teikningasýningin *„Við teiknum ekki hér"*. Áður undirbjó ég hvert málverk með teikningum, en er farinn að þora að mála beint á strigann núorðið.

Teikningin er það mikilvægasta, undirstaða allra myndlistarmanna, nema kannski þeirra sem fást aðeins við hugmyndalist, og skilyrði fyrir málara að hafa tök á henni. Ég held því fram á sama hátt að skáld verði að geta sett saman ferskeytlu. Vísnagerð ætti að vera á inntökuprófinu í skáldaskólann.

– Heldurðu teikninga- og ritlistardagbók sem þú vinnur síðan úr?

– Nei, minnið er besta sían, eins og George Michael orðaði það, lag er aðeins gott ef hægt er að muna það. Það sem maður gleymir er einskis virði.

– Ertu með bókmenntir í smíðum?

– Ég mála á veturna, skrifa á sumrin. 18. janúar frumsýnir Nemendaleikhúsið leikritið „Leiksoppa", eða „Reckless", sem ég þýddi, eftir Bandaríkjamanninn Craig Lucas. Ég skrifaði mónólóg fyrir Nemendaleikhúsið í fyrra og hef mikinn áhuga á að skrifa meira fyrir leikhús. Næsta skáldsaga verður svo með sjálfsævisögulegu ívafi, meira í stíl við pistlana í útvarpi og í Þjóðviljanum.

Ég leit alltaf á mig sem rithöfund frá upphafi, en reyndi á tímabili að einbeita mér að málverkinu, hélt að ég gæti ekki náð árangri í hvoru tveggja. En ég get ekki barist gegn sjálfum mér og gafst svo upp þegar fólk hvatti mig til að halda áfram ritstörfunum. Við lifum líka á svo miklum fjöllistatímum. Ég geri það sem ég get.

Verður Linda með?

– Af hverju málarðu alltaf fólk?

– Ég byrjaði nú reyndar á landslagi þegar ég kom úr hörmulegu akademísku námi í Þýskalandi. Það var nostalgía í mér og ég heillaðist af íslenska landslaginu upp á nýtt. En það er lítið hægt að þróa það. Hins vegar trúi ég alltaf á fígúratíva myndlist og teikninguna, þótt það hafi ekki verið í tísku, allra síst myndir af fólki. En ég geri málverk af fólki og fyrir fólk. Ég lít á mig sem framhald af vestrænni hefð í málverki. Ég var í fyrstu skíthræddur og lúsfeiminn að sýna landslagsmyndirnar, þær stungu svo í stúf við allt sem þá var í gangi, en nú er annar hver ungur myndlistarmaður að mála landslag, þannig að fordómarnir eru fallnir sem betur fer. En auk mín eru það varla nema Bragi Ásgeirsson og Helgi Þorgils sem einbeita sér að mannamyndum núna. Maður verður líka að halda áfram að mála eitthvað sem maður er hræddur við að sýna, það er hin nauðsynlega spenna sem fylgir nýjum hlutum. Til dæmis er ég enn óráðinn í því hvort ég kippi inn á sýninguna á Kjarvalsstöðum á síðustu stundu mynd sem ég hef málað af Lindu Pétursdóttur alheimsfegurðardrottningu.

Ég sem svertingi

– Eru miklar einkapælingar í þínum myndum?

– Ég hef alltaf barist gegn því að myndlistarmenn séu bara að mála fyrir sjálfa sig og verði svo torskildir að enginn nái þeim. Það er ekki við almenna listneytendur að sakast ef þeir sinna listinni lítið, heldur listamennina sjálfa sem eru oft að gera hluti sem koma fólki ekki við. Ég lít á mig sem póst-módernista, þótt það orð hafi fengið skrítna merkingu á Íslandi. Módernisminn er eins og kommúnisminn, nema módernisminn lifir enn góðu lífi meðan kommúnisminn er fallinn. Módernisminn reis líka í upphafi gegn ríkjandi hefðum og átti að vera fyrir allan fjöldann. En módernismann dagaði uppi í einhverjum harðlínu- einmenningskjördæmum sem fólkið sjálft á engan aðgang að. Ég bíð eftir því að módernisminn fari endanlega sömu leið og kommúnisminn.

Kannski er póstmódernisminn einhvers konar kratismi að loknum kommúnisma. Það verður enginn minni maður af því að segja skilið við kreddurnar, heldur maður að meiri, ef hann aðlagar hugmyndir sínar nýjum aðstæðum. Það vantar meiri realpólitík í listina.

Að mörgu leyti er miklu erfiðara að skapa hluti sem eru einfaldir og auðskildir heldur en einhvern þungmeltan vitsmunagraut. Ég bendi þar sem dæmi á myndina af mér sem svertingja: „Portrait of the artist as a black man". Hún er einföld og auðskilin og vekur sömu viðbrögð fólks og brandari eða dægurlaga-smellur. Þetta er samt ein erfiðasta mynd sem ég hef málað um ævina. Það var svo örðugt að ná þessu fullkomna jafnvægi, milli sjálfs mín og blökkumannsins. Þetta var hávísindalegt og læknisfræðilegt verkefni, sem gæti notast í fræðslubæklingi um lýtalækningar. Það er að mörgu leyti mjög hallærislegt að vera hvítur, ég hef lengi verið hrifinn af svertingjum og þeirra menningu og séð hvað þeir hafa mikla yfirburði yfir okkur. Ég er þarna líka að koma til móts við tónlistarmanninn Micheal Jackson, sem alltaf er að reyna að verða hvítur maður.

Sykur-kúbisminn

– Inntak sýningarinnar?

– Ég stilli myndunum upp í tímaröð, þannig að ef fólk gengur rangsælis um salinn getur það komið auga á ákveðinn söguþráð. Þó ég hafi aldrei og muni aldrei mála hreina abstrakt mynd, þá þróaðist ég um skeið frá hreinu fígúratívu málverki, teygði mig eins langt og ég gat, en hafði alltaf prófíl, munnsvip eða manneskju í myndinni. Um leið reyndi ég að losna við bakgrunninn og fór að skilja strigann eftir hvítan kringum myndefnið. Fór svo að nota blágræna jökulsárlóna-litinn, ísjakagrænan, sem ég hafði aldrei verið hrifinn af, þetta er svona sundlaugagrænt. Útlendingar sögðu mér að þetta væri mjög íslenskt, liturinn og formið minnti á ís í ýmsum gerðum – og jafnvel aðrar tegundir af sælgæti. Ég fræddi þá á því að þetta væri „sugarcube- ism" eða „sykurkúbismi". Í þessum myndum er að finna grunninn að framtíðarmálverkum mínum. En undanfarin tvö ár hef ég verið að fikra mig að auðsæilegri málverkum á ný, eftir að hafa rekist á vegginn. Og er það vel við hæfi að þessar myndir hanga nú á endavegg Kjarvalsstaða.

– Myndir af fólki, list fyrir fólkið?

– Ég er ekki alltaf sammála Jeff Koons, en tek undir með honum um það að listin eigi að hafa meiri áhrif á líf fólks. Við listamenn eigum að finna til ábyrgðar og koma list víðar og meira á framfæri, koma út úr skápnum. Vandinn er bara sá, að þegar maður vill ná til fólks er mikilvægt að gera það án þess að svíkja sjálfan sig.

ÓHT